



Akraneskaupstaður

# Lokaskýrsla starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi





## Lokaskýrsla starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

---

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 10. mars 2016, að skipa starfshóp um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi og erindisbréf fyrir hópinn. Velferðar- og mannréttindaráð lagði til á fundi sínum þann 6. apríl 2016, að eftirtaldir aðilar skipuðu starfshópinn:

- Einar Brandsson formaður
- Gunnhildur Björnsdóttir
- Ingibjörg Pálmadóttir
- Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir

Bæjarráð samþykkti tilnefningu ráðsins á fundi sínum 14. apríl 2016 og setti honum erindisbréf. Bæjarráð samþykkti í upphafi árs 2017, að Anna Þóra Þorgilsdóttir tæki sæti Ingibjargar Pálmadóttur í starfshópnum.

### **Markmið og forsendur:**

Markmið með stofnun starfshópsins er að undirbúa byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

### **Hlutverk og helstu verkefni:**

Meginverkefni starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk verða eftirfarandi:

1. Að meta þörf á byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.
2. Að kanna möguleika varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna.
3. Að vinna verk- og kostnaðaráætlun fyrir byggingu búsetukjarna.
4. Að gera rekstraráætlun fyrir búsetukjarna.
5. Að leita samráðs og samstarfs við hagsmunaaðila.

Í samræmi við erindisbréf starfshópsins skilaði hann greinargerð til bæjarráðs 30. nóvember 2016. Á þeim tíma óskaði starfshópurinn eftir því að fá að starfa áfram samkvæmt erindisbréfi m.a. vegna þeirrar óvissu sem var um framkvæmd nýrra laga nr. 52/2016. Bæjarráð samþykkti að hópurinn myndi starfa áfram til 1. júlí 2017. Skil á lokaskýrslu hefur tafist en liggur nú fyrir, en skýrslan byggir einnig á greinargerðinni sem getið er um hér að framan.



## Verklag

Starfshópurinn hélt 7 fundi. Fulltrúarnir sem skipa starfshópinn höfðu fyrir stofnun hans farið í kynnisferð, ásamt starfsmönnum á velferðar- og mannréttindasviði, til Þroskahjálpar og Áss styrktarfélags. Í ferðinni fengu fulltrúar í starfshópnum kynningu á þeirri starfsemi fyrrgreindra félaga, sem snýr að byggingu og rekstri búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Á starfstíma starfshópsins fóru fulltrúar hans einnig í kynnisferð, ásamt starfsmönnum á velferðar- og mannréttindasviði, á starfsstöðvar búsetukjarna fyrir fatlaða í Kópavogi og Reykjavík.

Auk þess stóð starfshópurinn fyrir kynningarfundum þann 18. ágúst 2016, í samstarfi við Ás styrktarfélag þar sem bæjarráði, bæjarstjórn, bæjarstjóra og sviðsstjórum var boðið til fundar. Á fundinum voru kynntir möguleikar á fjármögnun byggingar og rekstrarformi ef samstarf um slíkt næðist við Ás styrktarfélag.

Fundargerðir starfshópsins voru kynntar í velferðar- og mannréttindaráði og bæjarráði.

## Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins voru:

### 1. Að meta þörf á byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Minnisblað sviðsstjóra um þörf fyrir byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða, var lagt fyrir starfshópinn sem trúnaðarmál á 2. fundi hans þann 8. júní 2016 og aftur á lokafundi starfshópsins 22. nóvember 2017.

### 2. Að kanna möguleika varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna.

Fyrsti valkostur starfshópsins varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna var að kanna möguleika á samstarfi við Ás styrktarfélag um byggingu og rekstur búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi. Leitaði starfshópurinn tvisvar sinnum formlega eftir samstarfi við Ás styrktarfélag og var loka niðurstaða stjórnar Áss styrktarfélags, að félagið sá sér ekki fært að fara í slíkt samtarf að sinni. Ás styrktarfélag býr yfir mikilli þekkingu bæði á hugmyndafræði og reynslu af rekstri og byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða. Fulltrúar Áss styrktarfélags hafa upplýst að vilji er til að veita Akraneskaupstað ráðgjöf við byggingu á búsetukjarna óski sveitarfélagið eftir því.



## Akraneskaupstaður

Starfshópurinn kannaði vilja Þroskahjálpar til samstarfs um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi. Niðurstaða þeirra samtala var að Þroskahjálp sá sér ekki fært að fara í samstarf að svo stöddu vegna þeirra verkefna sem eru í vinnslu þessi misseri hjá þeim.

Starfshópnum var ljóst að yrði ekkert af samstarfi við ofangreinda aðila yrði Akraneskaupstaður að hefja undirbúning á byggingu íbúða fyrir fatlað fólk á Akranesi til að tryggja húsnæðisúrræði. Það er ljóst að nú þegar er þörf fyrir sértækt húsnæðisúrræði fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks á Akranesi og mun sú þörf aukast enn frekar innan fárra ára. Þjónustan verður fyrir einstaklinga með sértækar stuðningsþarfir og gert er ráð fyrir sólahringsþjónustu.

Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi bókaði á 4. fundi sínum 22. febrúar 2017 og lagði til við bæjarráð að nýr búsetukjarni fyrir fatlað fólk verði tekinn í notkun árið 2019. Starfshópurinn óskaði eftir upplýsingum frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs um mögulega staðsetningu fyrir búsetukjarna. Bæjarráð tók málið fyrir á fundi sínum 2. mars 2017 og óskaði eftir því við skipulags- og umhverfissvið að kannað yrði hvaða lóð hentaði best til byggingar nýs búsetukjarna á vegum Akraneskaupstaðar. Ennfremur samþykkti bæjarráð að endurskoða fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2017-2020, til að tryggja fjármögnun á nýjum búsetukjarna og fól skipulags- og umhverfisráði að gera tillögu þar að lútandi.

### **3. Að vinna verk- og kostnaðaráætlun fyrir byggingu búsetukjarna.**

Sjá kostnaðaráætlun við tillögu 1 og 2.



#### **4. Að gera rekstraráætlun fyrir byggingu búsetukjarna.**

Það er mat aðila að hægt sé að skoða fjórar eftirfarandi leiðir:

##### **A. Skógahverfi I, við Asparskóga eða Akralund**

###### **1) Akralundur 8 - 10 - 12 - 14**

Í dag eru áætluð fjölbýli með fjórum íbúðum á hverri lóð en hugsanlega hægt að sækja um breytingu og fjölga íbúðum í hverju húsi.

##### **Kostir við þessa leið:**

- Inni í almennri íbúðabyggð
- Ódýrari byggingareitur en miðsvæðis á Dalbrautarreit m.a. ekki bílakjallari
- Frekari uppbygging á svæðinu
- Hugsanleg samnýting á starfsmönnum og starfsmannaaðstöðu í búsetukjarnanum fyrir aðra þjónustuþega sem búa í nágrenninu

##### **Ókostir við þessa leið:**

- Starfshópurinn sér ekki ókosti við þessa leið

###### **2) Asparskógar**

Íbúðir fyrir fatlaða geta verið annars vegar hluti af íbúðum í fjölbýli (um 12 íbúða fjölbýlishús) og hins vegar sem sjálfstæður búsetukjarni.

##### **Kostir við þessa leið:**

- Inni í almennri íbúðabyggð
- Ódýrari byggingareitur en miðsvæðis á Dalbrautarreit m.a. ekki bílakjallari
- Frekari uppbygging á svæðinu
- Hugsanleg samnýting á starfsmönnum og starfsmannaaðstöðu í búsetukjarnanum fyrir aðra þjónustuþega sem búa í nágrenninu

##### **Ókostir við þessa leið:**

- Starfshópurinn sér ekki ókosti við þessa leið

##### **Áætlaður kostnaður:**

Verið er að selja íbúðir á Asparskógum um 400 þús. per. fermetra í dag. Ef reiknað er með að hver íbúðakjarni tæki um 500 fermetra (6 íbúðir hver um 60 fermetrar auk aðstaða fyrir starfsmenn, gangar ofl.) þá má reikna með kostnaði upp á um 200 millj.kr, nema að kröfur fari yfir almennar kröfur á íbúðarmarkaði.



## B. Búsetukjarni í íbúðum á Dalbrautarreit

Horft verði til íbúða fyrir fatlaða á Dalbraut 4. Þar er einnig ætlunin að hafa þjónustumiðstöð á 1. hæð hússins. Möguleiki væri þá á að samnýta starfsfólk er tengdist búsetukjarna fyrir fatlaða, starfsfólki í félagslegri heimaþjónustu og starfsfólki er tengdist félagsrýminu. Starfsmannaaðstaða gæti verið í sameiginlegu rými fyrir ofangreint starfsfólk.

### Kostir við þessa leið:

- Inni í almennri íbúðabyggð
- Nálægð við alla þjónustu þ.m.t. Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað
- Áætla mætti að þar sem íbúðakjarninn er miðsvæðis þurfi síður ferðaþjónustu á nálægar stofnanir s.s. Fjöliðjuna og verslanir.
- Býður upp á samnýtingu starfsmannahalds, starfsfólk er tengdist búsetukjarna fyrir fatlaða, starfsfólki í félagslegri heimaþjónustu og starfsfólki er tengdist félagsrýminu. Kostur í því að mynda heild í starfsmannahóp

### Ókostir við þessa leið:

- Dalbrautareitur er dýr byggingareitur vegna kröfu um bílakjallara og útlit húss

### Áætlaður kostnaður:

- Reikna má með að kostnaður verði mun hærri við Dalbrautareit en vegna bygginga á Asparskógum og Akralundi vegna ofangreindra krafna um útlit ofl.
- Kostnaðaráætlun í samræmi við framkvæmdaáætlun tekur mið af þeim fermetrafjölda sem áætlaður er að Akraneskaupstaður hafi yfir að ráða við byggingu að Dalbraut 4 eða um 1300 fermetrar. Hingað til hefur þessi áætlaði fermetrafjöldi verið skilgreindur fyrir þjónustumiðstöð fyrir aldraða.
- Áætlaður heildarkostnaður við húsnæði verði um 460 milljónir kr. og að það verði fullbúið árið 2020. Þessi forsenda byggir á því að Akraneskaupstaður fái á árinu 2018 viðunandi tilboð í byggingarrétt vegna uppbyggingu lóðanna við Dalbraut 4 og 6 og lóðanna Þjóðbraut 3 og 5.

## 5. Að leita samráðs og samstarfs við hagsmunaaðila

Starfshópurinn hefur leitað formlega eftir samstarfi við Ás styrktarfélag eins og fram kemur hér að ofan og einnig óformlega eftir hug Þroskahjálpar til samstarfs. Starfshópurinn var í samstarfi við starfsmenn sem koma að þjónustu við fatlaða á Akranesi.



## Lokaorð

Starfshópurinn leggur til að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til að mæta þeirri þörf sem er framundan í búsetuúræði fyrir fatlað fólk á Akranesi:

- a) Leitað verði samráðs við fatlaða, talsmenn þeirra og starfsmenn sem koma að þjónustu við fatlaða á Akranesi, við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir fatlað fólk.
- b) Hafist verði handa við uppbyggingu á sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk á árinu 2018, þannig að tryggt verði að eigi síðar en á árinu 2019, verði tekið í notkun sértækt húsnæðisúrræði til að uppfylla nauðsynlega þörf sem liggur fyrir nú þegar.
- c) Teknar verði frá að minnsta kosti tvær fjölbýlishúsalóðir í Skógarhverfi og/eða Lundarhverfi fyrir íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk.
- d) Gert verði ráð fyrir íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk í fjölbýlishúsum sem fyrirhugað er að reisa á Dalbrautarreit.
- e) Hugað verði að því að á Sementsreitnum verði gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk.

Akranesi 22. nóvember 2017

Einar Brandsson formaður

Gunnhildur Björnsdóttir

Anna Þóra Þorgilsdóttir

Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir